



## **Skýrsla stjórnar í samræmi við b – lið 2. mgr. 33. gr. laga um hlutafélög.**

Á hluthafafundi Síldarvinnslunnar hf. þann 18. ágúst nk. verður lögð fram eftirfarandi tillaga um að heimila stjórn félagsins að hækka hlutafé:

*„Hluthafafundur haldinn 18. ágúst 2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu að nafnvirði kr. 145.939.749. Heimild stjórnar skal aðeins nýtt í tengslum við kaup Síldarvinnslunnar hf. á öllum hlutum í Vísi hf. í samræmi við undirritaða kaupsamninga þann 10. júlí 2022. Í kaupsamningi er miðað við meðalgengi síðustu fjögurra vikna fyrir dagsetningu kaupsamninga, sem er 95,93 en greiðsla nemur 70% af kaupverði og greiðist hækkun því að öllu leyti með hlutum í Vísi hf.*

*Hluthafar falla frá áskriftarrétti sínum að hlutafjárukningunni í samræmi við ákvæði 3.mgr. 34. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Heimildin er veitt til 12 mánaða frá dagsetningu hluthafafundarins.*

*Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar.“*

Samkvæmt 33. gr. hlutafélagalaga ber stjórn að leggja fram skýrslu þar sem gefnar eru upplýsingar um þau atriði sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið eftir að síðustu reikningar voru gerðir.

Ársreikningur fyrir árið 2021 liggur frammi en auk þess liggur fyrir óendurskoðaður samandreginn árshlutareikningur fyrir tímabilið 1.janúar til 31.mars 2022.

Frá þeim tíma varða helstu breytingar kaup félagsins á 34,2% eignarhlut í norska félaginu Arctic Fish Holding AS. Kaupin leiða til þess að eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum aukast um 115,0 milljónir USD, staða handbærs fjár lækkar um 33,1 milljónir USD, skammtímaskuldir við lánastofnanir aukast um 82,8 milljónir USD og óráðstafað eigið fé lækkar um 0,9 milljónir USD. Kaupin leiða því til þess að bæði eiginfjárhlutfall og veltufjárhlutfall lækkar.

Stjórn staðfestir að ekki hafi orðið neinar aðrar breytingar sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins frá lokum mars 2022.

Í stjórn Síldarvinnslunnar hf.  
Neskaupstað 11. ágúst 2022